

**Nd. 99. Frumvarp til laga [57. mál]**

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til, að verja megi fé úr Styrktarsjóði vangefinna til endurbóta á stofnunum fyrir vangefið fólk en þetta virðist ekki vera heimilt samkvæmt gildandi lögum. Brýn nauðsyn getur verið á því að veita aðstoð við endurbætur eða stækkun á stofnun, sem þegar er tekin til starfa. Framtíðarstarf þeirra stofnana, sem þegar eru fyrir hendi, kann að velta algerlega á því, hvort mögulegt sé að veita þeim aðstoð til nauðsynlegra endurbóta og stækkunar.

Þar eð breyting þessi getur naumast orkað tvímælis, þykir ekki ástæða til frekari skýringa.